



HÓLASKÓLI - Háskólinn á Hólum
551 Sauðárkrókur
s: 4556300
www.holar.is

Til nefndarsviðs Alþingis
Skrifstofu Alþingis
101 Reykjavík

Hólum í Hjaltadal, 27. apríl 2017

Vegna: 146. Löggjafarþing 2016-2017. Þingskjal 533 – 402. mál. *Tillaga til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2018-2022.*

Háskólanum á Hólum barst ofangreind þingsályktunartillaga til umsagnar þann 26. apríl 2017. Af því tilefni vill framkvæmdaráð háskólans koma eftirfarandi á framfæri:

1. Háskólinn á Hólum fagnar nýju verklagi í ríkisfjármálum og þeirri yfirsýn og gagnsæi sem fimm ára fjármálaáætlunum er ætlað að tryggja.
2. Háskólinn tekur undir þá niðurstöðu að gæðaráð háskóla hafi styrkt starf íslenskra háskóla þannig að þeir standast nú betur samanburð við erlenda háskóla.
3. Háskólinn á Hólum tekur undir mikilvægi þess að efla samstarf háskóla enda hefur árangur af starfi samstarfsnets opinberu háskólanna sem og samstarfsnefndar háskólastigsins verið afar góður og samvinna vaxið með ári hverju. Starf háskólans innan samstarfsnets opinberu háskólanna hefur verið honum dýrmætt.
4. Háskólinn á Hólum vekur athygli á að samkeppnishæfni þjóða byggir á öflugum mannauði sem hefur fjölbreytta haldgóða menntun sem hvetur til hvers kyns rannsókna og nýsköpunar. Það er mat háskólans að fjármálaáætlun fyrir árin 2018-2022 sé ekki jafn framsækin og best væri á kosið sé hugsað til sóknar íslensks atvinnulífs til framtíðar. Háskólinn hvetur þingheim til að standa vörð um fjölbreytt menntunartækifæri námsmanna (íslenskra sem erlendra) sem vilja hasla sér völl á Íslandi.
5. Háskólinn á Hólum hvetur þingheim til þess að styðja við öflugt íslenskt háskólasamfélag með framsýni að leiðarljósi og móti sér uppbyggilega stefnu um fjármögnun íslenskra háskóla til jafns við kollega okkar á Norðurlöndunum. Fyrirliggjandi áætlun vanmetur fjárþörf íslenskra háskóla.

Virðingarfyllst,

Erla Björk Örnólfsdóttir